

**Sp.**

**485. Fyrirspurnir.**

[248. mál]

I. Til fjármálaráðherra um aðstoð ríkissjóðs við Lagmetisverksmiðjuna Siglósíld.

Frá Lárusi Jónssyni.

1. Hve miklu nema beln framlög ríkissjóðs til Lagmetisverksmiðjunnar Siglósíldar skv. ríkisreikningi og fjárlögum frá 1973—81, að báðum meðtöldum?
2. Hve miklu nema ábyrgðir ríkissjóðs að auki vegna lána sem tekin hafa verið af fyrirtækinu eða ríkissjóði?
3. Hver er lagaheimild fyrir „aukafjárveitingu“ úr ríkissjóði til fyrirtækisins á s. l. ári að upphæð 150 millj. gkr.?
4. Hvaða fordæmi eru fyrir slíkum beinum „aukafjárveitingum“ til B-hluta fyrirtækja ríkissjóðs?

II. Til forsætisráðherra um „tímasett mörk“ um hjöðnun verðbólgu 1981, kaupmátt launa verkamanna og kaupmátt elli- og örorkulífeyris.

Frá Lárusi Jónssyni.

1. Hver eru áform ríkisstjórnarinnar um framkvæmd ákvæðis stjórnarsáttmálans þar sem segir: „Á árinu 1981 verði ákveðin tímasett mörk í samræmi við markmið um hjöðnun verðbólgu.“ Hver eru þessi mörk, hvert er tölulegt markmið um hjöðnun verðbólgu hverju sinni, sbr. hliðstæð mörk 1980?
2. Hver verður kaupmáttur tímakaups verkamanna skv. áætlun Þjóðhagsstofnunar á 2. ársfjórðungi 1981, miðað við 100 á 1. ársfjórðungi 1980, þegar ríkisstjórnin tók við völdum?
3. Hver verður kaupmáttur almenns lífeyris elli- og örorkulífeyrisþega skv. áætlun Þjóðhagsstofnunar á 2. ársfjórðungi 1981, miðað við 100 á 1. ársfjórðungi 1980, þegar ríkisstjórnin tók við völdum?
4. Hver verður kaupmáttur allra lífeyristekna elli- og örorkulífeyrisþega almannatrygginga, sem fá tekjutryggingu, skv. áætlun Þjóðhagsstofnunar á 2. ársfjórðungi 1981 miðað við: a) 100 á 1. ársfjórðungi 1981, b) 100 á 1. ársfjórðungi 1980?

III. Til félagsmálaráðherra varðandi störf verkefnaskiptingarnefndar.

Frá Jóhanni Einvarðssyni.

Hvað líður störfum nefndar þeirrar, sem félagsmálaráðherra skipaði á árinu 1976 til þess að endurskoða verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, og hvaða áætlanir eru um framhald málsins er nefndin lýkur störfum?